

# Nesfréttir

JANÚAR 2021 • 1. TBL. • 34. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIDISTORGI  
**HAGKAUP**



Íþróttamaður og íþróttakona Gróttu fyrir árið 2020 voru valinn í byrjun janúar og voru knattspyrnufólkið Hákon Rafn Valdimarsson og Tíinna Brá Magnúsdóttir kjörin. Sjá nánar á bls. 11.

Mynd: Eyjólfur Garðarsson.

**Velkomin  
á Grandann**

Nú sækjum við og  
skilum bílnum



Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30

Gler með  
blágeislavörn  
19.900 kr.



Eyesland gleraugnaverslun  
Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð  
Sími 510 0110 | [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is)



# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Breytinga er þörf á Eiðistorginu

Meirihluti og minnihluti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar eru sammála um að taka verði málefni Eiðistorgsins föstum tókum. Nauðsynlegt sé að torgið verði lagað og eflt svo það fái notið sín í takt við upprunalegt útlit og hugsjón sem bjó að baki byggingu þess.

Meiri- og minnihlutann greinir þó á um hversu hratt eigi að fara að verkum. Meirihlutinn telur nauðsynlegt að vanda vel til verka þegar ráðist verður í endurskipulagningu Eiðistorgsins. Nauðsynlegt sé að ná viðtækri samstöðu á meðal eigenda fasteigna á torginu og telur það grundvöll þess að ráðast megi í aðgerðir.

Önnur ástæða er þróun í verslunarmálum. Minni þjónustukjarnar hafa liðið fyrir þá miklu samþjöppun sem orðið hefur í verslunarrekstri – einkum matvöruversluninni. Á vesturslóðum hefur margvísleg verslun og þjónustustarfsemi safnast saman í Örfirisey – byggð sem hefur enga íbúa.

Þriðja ástæðan fyrir niðurlægingu Eiðistorgsins eru Seltirningar sjálfir. Þeir hafa ekki hirt nægilega um að notfæra sér þjónustu á torginu. Margir kjósa fremur að aka fram hjá. Út í Örfirisey eða annað þangað sem verslanir eru að finna.

Í fyrsta lagi þarf að leita eftir samstöðu fasteignaeigenda á Eiðistorgi. Ljóst í má vera að bæjarfélagið verður að hafa forgöngu þar um.

Eftir það þarf að setjast niður og íhuga hvað kæmi til með að auka viðskipti og líf á torginu. Eftir að hafist yrði handa við uppbyggingu þyrfti að ákveða hvort efna ætti til sérstaks markaðsátaks á Seltjarnarnesi og í Vesturbæ Reykjavíkur. Um þetta þarf að nást samstaða í bæjarstjórninni og á torginu.

### Ásgerður hættir að loknu kjörtímabili

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi ætlar ekki gefa kost á sér til áframhaldandi starfa að sveitarstjórnarmálum þegar yfirstandandi kjörtímabili lýkur. Þessu greinir hún frá í viðtali hér í blaðinu á bls. 8-10.

Ásgerður segir í viðtalinu að hún muni ljúka sínu þriðja kjörtímabili sem bæjarstjóri vorið 2022 og setja þar endapunkt. Hún kveðst telja það farsælast að Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi hafi tíma til þess að fylkja liði að nýju. Ég hef það líka sem fyrirmynd að svona gerði Sigurgeir Sigurðsson þetta þegar hann hætti eftir sinn langa bæjarstjóraferil. Ásgerður segir að 12 ár verða að teljast nokkurt langlífi í bæjarstjórástól á okkar tímum. Flokkar og frambjóðendur eiga ekkert fylgi víst og fyrir því verði að berjast með því að skora mörk og vinna leiki. Samstaðan skiptir mestu máli og sín helsta ósk sé að Sjálfstæðismenn á Nesinu gangi sameinaðir til næstu kosninga.



Ásgerður Halldórsdóttir.

### Bjarni samþykkti með trega

- yfir 50 mál á borði starfsmanna barnaverndar

Bjarni Álfþórsson bæjarfulltrúi samþykkti fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar með nokkrum trega. Þetta kemur fram í bókun hans á bæjarstjórnarfundi þegar fjárhagsáætlunin var til síðari umræðu.

Í bókuninni kveðst Bjarni þeirrar skoðunar að rétt hefði verið að hækka útsvar núna til að mæta þörf og styrkja getu bæjarfélagsins til að takast á við þau verkefni sem nú blasa við. „Við hækkuðum útsvar í lok árs 2010, þvert á loforð um annað, unnum vel úr því með góðri þjónustu við íbúa og styrktum stöðu bæjarsjóðs, sem síðan gerði okkur kleift að lækka aftur útsvarið,“ segir í bókun Bjarna. „Við þekkjum öll stöðu bæjarsjóðs og reksturinn síðustu ár. Ástæður hallareksturs eru þekktar og ekki er um að kenna slægrei stjórn, heldur frekar öðrum utanaðkomandi aðstæðum. Við lofuðum sannarlega að skattar yrðu ekki hækkaðir á þessu kjörtímabili, en við lofuðum



Bjarni Torfi Álfþórsson bæjarfulltrúi.

líka traustri fjármálastjórn, nýjum leikskóla og að lífsgæði íbúa væru leiðarljós okkar, svo eitthvað sé nefnt. Það eru mörg verkefni sem bíða okkar á næstu misserum og stöðugt bætist í íbúafloðu bæjarins, en því fylgja líka nýjar áskoranir. Nú eru t.a.m. yfir 50 mál á borði starfsmanna barnaverndar og ljóst að þar eru mörg vandamál sem ekki eru sýnileg öllum,“ segir í bókuninni.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!


www.husavidgerdir.is/hafa-samband  
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook

# Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



GUCCI



## Umræður um Eiðistorgið í bæjarstjórn

Meirihluti bæjarstjórnar telur ráðlegt að fresta þeirri vinnu, sem fulltrúar Samfylkingar hafa lagt til um breytingar á Eiðistorgi. Alla vega um sinn. Ekki sé tímabært að fara í slíkar framkvæmdir þar sem enn er mörgum spurningum ósvarað um vilja eignaraðila á Eiðistorgi. Í bókun meirihlutans af bæjarstjórnarfundum segir að mikil vinna hafi átt sér stað í málefnum Eiðistorgs um nokkurn tíma. Verkefnið sé afar flókið og margir þurft að koma að því. Gott samráð er við formenn/forsvarsmenn húsfélaganna sem hafa aðkomu að torginu og fjölmargir fundir verið haldnir og málið því í góðum farvegi. Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs hefur verið í samstarfi við húsfélögin á torginu um endurbætur og er sú vinna í fullum gangi.

Meirihlutinn kveðst geta tekið undir að tímabært sé að Eiðistorg fái yfirhalingu og fái að njóta sín í takt við upprunalegt útlit og hugsjón því tengt. Undirbúningur að þeirri vinnu er nú þegar í gangi og hefur verið um nokkuð langt skeið m.a. hjá Maríu Björk Óskarsdóttur sviðsstjóra þjónustu- og samskiptasviðs og fleiri starfsmönnum bæjarins. Í því sambandi má nefna að María Björk hefur verið að vinna með upplýsingar og gögn frá stofnun torgsins þ.e. viðtöl við Sigurgeir fv. bæjarstjóra, gömul skjöl, upplýsingar og teikningar varðandi torgið og húsin sem að því standa, skýrslu frá Ormari Þór arkitekt, samtöl við forsvarsmenn húsfélaganna o.fl.

### Mikið álag á skipulagssviði

Þá segir að í gangi sé vinna við að stofna eitt sameiginlegt rekstrarfélag fyrir Eiðistorgið og þá aðila sem þar eiga fasteignir ásamt bænum. Eðlilegt sé að þegar farið verður í vinnu við Eiðistorgið muni það félag eiga virkan þátt í þeirri vinnu. Því séu fjölmörg praktísk mál sem þurfa helst að liggja fyrir áður en farið verður í stefnumótun varðandi torgið sjálft en áhugavert að fara í slíka vinnu síðar meir á réttum forsendum. Að lokum segir að mikið álag verði á skipulagssviði bæjarins á þessu ári við uppbyggingu sem þegar hefur verið ákveðið að ráðast í. Meirihlutinn telur að bærinn verði að einblína á þau verkefni sem nú þegar hafa verið samþykkt, en nýsamþykkt framkvæmdaáætlun að fjárhæð 630 milljónum liggur fyrir þar sem m.a. gert ráð fyrir fatlað fólk.

## Brotist inn í bíla á Seltjarnarnesi

Því miður hefur innbrotum í bíla verið að fjölga á Seltjarnarnesi undanförunu og því ástæða til að hvetja íbúa til að vera á sérstöku varðbergi. Muna að læsa bílunum og skilja alls ekkert verðmætt eftir í þeim.

Einnig er ástæða til að minna á að allar tilkynningar um innbrot og ábendingar um vafasamar mannaferðir eiga að berast strax til lögreglunnar í abendingar@lrh.is eða í síma 444-1000 þjónustuver. Í neyðartilfellum á alltaf að hringja í neyðarlínuna 112 og mikilvægt að vera með sem nákvæmasta lýsingu á stað, stund og lýsingu á fólk og farartækjum. Ef ekkert er tilkynnt þá fer það ekki inn í tölfraði lögreglunnar og hefur því "ekki gerst".

### Nágrannavarsla er gott forvarntæki

Eins og alltaf þá eru eftirlitsmynda- vélar á bæjarmörkum og hafa þær vélar þegar reynst vel. Lögreglan hefur fullan aðgang að myndavélunum og nýtir þær eftir þörfum - mál hafa verið upplýst vegna mynda úr þessum vélum. Lögreglubílar aka eftir ákveðinni áætlun á þeirra vegum um Seltjarnarnesið á hverjum degi.

Hvetjum íbúa einnig eindregið til að vera vel vakandi í sínu nærumhverfi og að fylgjast með húsum



Alls ekki skilja eftir lausmuni eftir í bílum – ekki einu sinni í skamma stund.

nágranna sinna. Nágrannavarslan er gott forvarntæki. Mikilvægt er að ganga vel frá húsum þegar þau eru mannlæs, læsa þeim alltaf þótt farið sé frá í stuttan tíma. Það sama gildir um bíla, læsa þeim alltaf þegar þeir standa tómir.

### Leiðbeiningar

Gott er að hafa í huga eftirfarandi ábendingar:

- Loka gluggum, krækja þá aftur.
- Hafa einhver ljós kveikt í húsinu.
- Hafa kveikt á útvarpi
- Hreyfinema á útiljósum þannig að þau kvikni við umgang.
- Loka bakgarði og öðrum stöðum þar sem hægt er að athafna sig úr auglýsni.
- Ekki hafa neitt sýnilegt í bílum.



Systrasamlagid

Netverslun:  
systrasamlagid.is

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



# MotorMax

## Smurstöð

### Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR  
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: [motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)



Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

[motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)

# Fjarþjónusta og þjálfun 65+ hefst í janúar 2021

Seltjarnarnesbær og Janus heilsuefning hafa ritað undir samkomulag um að Janus heilsuefning taki að sér verkefnið Fjölpætt heilsuefning 65+ á Seltjarnarnesi. Upphaflega stóð til að fara af stað með verkefnið um mánaðarmótin ágúst/september sl. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna Covid-19 sem tengdist samkomutakmörkunum, lokun heilsuræktarstöðva og íþróttahúsa var ákveðið að fresta innleiðingu verkefnisins til ársins 2021 eða þar til að samkomutakmörkunum verður aflétt.

Þrátt fyrir að innleiðing á verkefninu hafi verið frestað hefur bærinn ásamt Janusi heilsuefningu gert með sér samkomulag um að bjóða eldri íbúum Seltjarnarnesbæjar upp á ákveðna fjarþjónustu tengda heilsuefningu, íbúum að kostnaðarlausu. Hér er um að ræða upplýsingaveitu á vegum Janusar heilsuefningar sem verðandi þátttakendur fá aðgengi að. Janus heilsuefning hefur sérhæft sig í slíki



nálgun undanfarið og þjónustar alla sína þátttakendur með góðum árangri á þessum erfiðu tímum í gegnum fjarþjálfunarfyrirkomulag.

Þjónustan er meðal annars fólgin í því að þeir sem skrá sig í verkefnið fá senda tölvupósta með ýmsum heilsutengdum fróðleik, fá kynningu á verkefninu og aðgengi að lokaðri Facebook síðu fyrirtækisins. Þar geta þátttakendur nálgast heilsupistla sem reglulega verða

settir inn um heilsutengda þætti sem sérstaklega eru ætlaðir eldri aldurshópum. Þá fá þeir aðgengi að myndböndum og veggspjöldum með æfingum sem æskilegt er að framkvæma heima til að halda við eða bæta eigin heilsu. Dagleg hreyfing er það sem stefnt er að fyrir hvern og einn.

Þessi nálgun verður íbúum sveitarfélagsins að kostnaðarlausu út janúar en þá verður staðan

endurskoðuð með tilliti til samkomutakmarkana.

Áður en verkefnið fer af stað í þeirri mynd sem það er skipulagt í heild sinni, m.a. með aðgengi að heilsuræktaraðstöðu og fræðsluerindum í fjölmennari hópum, verður send út fréttatilkynning með góðum fyrirvara og verkefnið kynnt frekar fyrir eldri aldurshópum 65 ára og eldri á Seltjarnarnesi. Það verður gert um leið og samkomutakmörkunum léttir og reglugerðir um sóttvarnir rýmkaðar. Það er von okkar að íbúar taki þessari nálgun vel en markmiðið er að koma til móts við daglega hreyfiþörf og fræðast um ýmsa heilsutengda þætti.

Það eina sem hver og einn þarf að gera er að skrá sig til þátttöku í verkefnið á Seltjarnarnesi. Skráning er þó ekki bindandi fyrir seinni tíma þátttöku í verkefninu.

Skráningin í fjarþjálfun og þjónustu er hafin og fer fram hér: [www.janusheilsuefning.is/skraning/](http://www.janusheilsuefning.is/skraning/)



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraráðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bætrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkerekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



KOMDU MEÐ BÍLINN  
Í TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stent trústu kröfur.



#### Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.



#### Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

# Esomeprazol Actavis

– dregur úr einkennum sýrubakflæðis



**Esomeprazol Actavis 20 mg, 14 og 28 magasýrupólur töflur.** Hver tafla inniheldur 20 mg af virka efni esomeprazóli og tilheyrir flokki prótónpumpuhemla. Þeir verka með því að minnka framleiðslu síru í maga. Lyfið er ætlað sem skammtíma meðferð hjá fullorðnum við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypa skal töfluna heila með sopa af vatni, með mat eða á fastandi maga. Ekki skal tyggja eða mylja töfluna. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).** Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

FÆST ÁN  
LYFSEÐILS

teva

**Viðtal við Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra**

# Fjölgun framundan á Nesinu

**- Ásgerður Halldórsdóttir horfir fram til tímamóta í eigin lífi - Bæjarstjóri Seltjarnarness segir að bæjarbúar kunni að meta stuttar boðleiðir og litla yfirbyggingu**

**Þ**egar við setjumst niður til þess að ræða málefni Seltjarnarnesbæjar er hugur bæjarstjórans í Egyptalandi þar sem sonurinn Viggó lætur að sér kveða í handboltalandslíðinu eins og hann hefur gert í þýsku úrvalsdeildinni þar sem hann er með markahæstu mönnum. „Það hefur verið spennandi að fylgjast með íþróttuferli hans en alveg ömurlegt að komast ekkert út til fjölskyldunnar í Þýskalandi vegna COVID-faraldursins“, segir Ásgerður. „Fyrir okkur Kristján (Guðlaugsson eiginmann Ásgerðar) hefur íþróttastarfið í Gróttu verið kjarni tilverunnar og börnin okkar þrjú alist upp innan þess eins og svo fjölmargir Seltirningar. Það hefur verið góður skóli sem skilað hefur báðum sonunum í atvinnu-mennsku í handbolta og dóttur okkar árangri og ánægju. Ég hlakka til þess að geta sinnt Gróttu betur í framtíðinni og svo náttúrlega að geta umgengist barnabörnin fimm meira en verið hefur þegar bæjarstjóraönnum lýkur.“



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni fyrrum forseta Íslands og íbúa á Seltjarnarnesi til margra ára og konu hans Dorrit Moussaieff. Myndin var tekin á 40 ár afmæli Seltjarnarnesbæjar 9. apríl 2014. Þá var Ólafur Ragnar forseti Íslands.

- *Biddu við, hvað sagðirðu þarna?*  
- Já, þú heyrðir rétt, ég sagði samstarfsfólki mínu í meirihluta Sjálfstæðisflokksins fyrir ári síðan að ég myndi ekki gefa kost á mér áfram sem oddviti og bæjarstjóraefni. Vorið 2022 mun ég ljúka mínu þriðja kjörtímabili sem bæjarstjóri og setja þar endapunkt. Sumir segja að það eigi aldrei að tilkynna svona lagað löngu fyrirfram en ég tel það farsælast að Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi hafi tíma til þess að fylkja liði að nýju. Ég hef það líka sem fyrirmynd að svona gerði Sigurgeir Sigurðsson þetta þegar hann hætti eftir sinn langa bæjarstjóraferil. Síðast liðin ellefu ár hef ég gengt starfi bæjarstjóra á Seltjarnarnesi. Ég hef notið þess að starfa ávallt með góðu fólki, mér hefur aldrei leiðst í vinnunni. Verkefni eru krefjandi en um leið heillandi og starfsfólkið svo öflugt að tíminn hefur bara flogið áfram. Bæjarfélagi verður heldur ekki stjórnað nema með samvinnu við íbúana og þau samskipti eru alltaf ánægjuleg. Gott bæjarfélag byggist á samvinnu starfsmanna og kjörinna fulltrúa við bæjarbúa. Samvinna og heilindi er það sem skiptir máli í öllum samskiptum.

- *Hefur það áhrif á ákvörðun þína að Sjálfstæðisflokkurinn stendur ekki eins vel í könnunum og oft hefur verið?*

- Nei þetta er engin skyndiákvörðun og 12 ár verða að teljast nokkurt langlífi í bæjarstjórástól á okkar tímum. Flokkar og frambjóðendur eiga ekkert fylgi víst og fyrir því verður að berjast með því að skora mörk og vinna leiki. Samstaðan skiptir mestu máli og mín helsta ósk er að Sjálfstæðismenn á Nesinu gangi sameinaðir til næstu kosninga. Það gerðum við ekki síðast og slíkt skilur eftir spor.

Ásgerður upplýsir að undir stjórn sjálfstæðismanna hafi Seltjarnarnes boðið íbúum sínum upp á lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu, 13,66%, og lægstu fasteignagjöldin. Rekstur bæjarfélagsins sé traustur.

- Seltjarnarnesbær er með eitt allra lægsta skuldahlutfall allra sveitarfélaga landsins þó að skattar á íbúa séu óvída lægri. Þessi staða gefur bæjarfélaginu svigrúm til þess að laga sig að nýjum aðstæðum. Það hefur einnig mikil sóknarfæri. Skipulagning á nýju íbúasvæði við Bygggarða er nú í ferli og fjölgun skattgreiðenda því framundan.

Árið 2020 var erfitt ár og í þannig árferði er nauðsynlegt að bæjarstjórn skoði vel reksturinn. Bregðast hefur þurft við og bæjarstjórn hefur tekið stefnumótandi ákvarðanir hvernig snúa megi við þeirri þróun að gjöld fari ekki fram úr tekjum á ársgrundvelli. Svára verður þeirri spurningu hvernig hægt sé að byggja undir þá þjónustu sem bærinn veitir án þess að auka útgjöld þannig að þjónustan samræmist tekjuflæðinu.

## Seltjarnarnes áfram sjálfstætt

*Sveitarfélögum landsins hefur fækkað umtalsvert síðustu áratugi með sameiningum. Þau eru nú 69 talsins eftir síðustu sameiningu fyrir austan. Talað hefur verið um að tilgangurinn með sameiningu hafi verið að stækka sveitarfélögin og efla getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum og þjónustu við íbúana. Sérð þú fyrir þér Seltjarnarnesið sameinist Reykjavík?*

- Ég sé ekki fyrir mér breytingu á höfuðborgarsvæðinu næstu árin, það er mikið og gott samstarf milli sveitarfélaga hér. Slíkar óskir þurfa að koma frá íbúum með lýðræðislegum hætti. Ég skynja það ekki þannig að slíkar væntingar muni komi frá

bæjarbúum næstu árin. Ég hef fundið fyrir mikilli ánægju þeirra með stuttar boðleiðir og litla yfirbyggingu í rekstri bæjarfélagsins.

## Heilsueflandi samfélag

- *Nú hefur verkefnið „Fjölpætt heilsuefling 65+“ með Janusi Guðlaugssyni byrjað hvernig gengur það?*

- Það er mikið áhugi fyrir þessu verkefni hjá íbúum þessa aldurshóps. Íþróttafulltrúi bæjarins, Haukur Geirmundsson, stýrir verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ hjá okkur, þar sem áherslan er að marka heilðræna heilsueflingu allra aldurshópa.

## Tómstundastyrkir

- *Hvernig hafa tómstundastyrkir verið að nýttast fjölskyldum?*

- „Í dag eru það um 610 börn á aldrinum 5-18 á Seltjarnarnesi sem nýta sér tómstundastyrkinn. Hér er um að ræða hreina viðbót við styrki bæjarins til íþróttastarfs, en styrkirnir eru einnig veittir til tónlistarnáms og æskulýðsstarfs. Umsóknarferlið verður gert auðveldara á þessu ári og er nú í vinnslu. Kannanir sem gerðar hafa verið fyrir bæjarfélagið sýna að íbúar eru ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar.



## Náttúruminjasafn í bæinn

- Nú er í höfn samstarf bæjarins við menntamálaráðuneytið um að taka yfir safnahúsið að Safnatröð 2. Hvernig séru það fyrir þér?

- Þetta er að sjálfsögðu ákaflega spennandi. Þarna er um að ræða gríðarlega stórt verkefni sem mun bjóða upp á margvíslega möguleika fyrir Seltjarnarnes, m.a. í ferðaþjónustu. Nú mun Náttúruminjasafn Íslands taka við húsinu og byggja upp öflugt og langþráð safnastarf. Tilurð þessara byggingar eins og oft hefur komið fram var erfðagjöf Jóns Steffensen heitins á sínum tíma í þágu lækningaminjasafns og um leið til að minnst Bjarna Pálssonar. Minnisvarði um Bjarna við Nesstofu var reistur á sínum tíma til að minnst þess að þar settist hann að þegar hann tók fyrstur manna við embætti landlæknis. Og þessu upphafshlutverki þarf náttúrlega að sýna sóma.

## Hátt þjónustustig

### metnaðarmál

- Nú hefur bærinn staðið fyrir miklum framkvæmdum sl. ár hvaða verkefni mun njóta forgangs í ár?



**Kristján Guðlaugsson eiginmaður Ásgerðar ásamt barnabörnunum fimm um jólin.**

- Á liðnu ári voru miklar framkvæmdir hjá bænum. Á síðustu fjórum árum hefur verið framkvæmt fyrir tæpa fjóra milljarða

króna. Á yfirstandandi ári verður helsta og mikilvægasta verkefnið að byggja sambýli fyrir fatlað fólk við Kirkjubraut 20.

Meirihlutinn á Seltjarnarnesi hefur ávallt forgangsraðað í þágu velferðarmála og skólamála.

## Ánægja og athafnasemi

- Nú liggur fyrir könnun meðal sveitarfélaga hvernig kemur Nesið út þar?

- Um 87 prósent íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á samkvæmt árlegri könnun Gallup. Seltjarnarnesbær er fjölmennasti vinnustaðurinn á Neginu, en þar starfa rúmlega 320 manns. Starfsemin er m.a. grunnskóli, frístund, leikskóli, tónlistarskóli, íþróttamiðstöð, sundlaug, félagsmiðstöð, félagsþjónusta, bókasafn, þjónustumiðstöð og bæjarskrifstofur. Um 90 prósent íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með þjónustu leikskólans í sömu könnun. Á heildina litið er Seltjarnarnesbær ofarlega í samanburðinum við stærstu bæjarfélög landsins, samkvæmt mælingu Gallup, hvað varðar þjónustu og ánægju íbúa með hana. Þessa góðu niðurstöðu ber að þakka starfsmönnum bæjarins, þar sem áherslan er á skilvirka stjórnun og öfluga þjónustu við íbúa.

**Framhald á bls. 10.**

**Að hafa betri  
yfirsýn yfir  
fjármálin**

**en þurfa miklu  
minna að hafa  
fyrir því**

ÞAÐ ER LANDSBANKI  
NÝRRA TÍMA

Framhald af bls. 8-9.

## Forgangsverkefni á samdráttarskeiðum

- Algengt forgangsverkefni sveitarfélaga á samdráttarskeiðum eins og núna er að skera niður kostnað. Þarf bærinn ekki að ganga í það verk?

- Stjórnendur bæjarins spyrja sig sífellt þeirra spurninga, bæði á samdráttar og vaxtarskeiðum, hvort og hvar megi auka hagkvæmni. Lykilhugtak í því umhverfi sem við störfum í núna er stefnumarkandi rekstrarhagræðing. Það er mun vænlegra til árangurs að hafa stöðuga hagræðingu í rekstri að leiðarljósi eins og Seltjarnarnesbær hefur gert til langs tíma heldur en að bregðast harkalega við og skera niður kostnað á samdráttarskeiði. Með því er hægt að að ná mun betri árangri að jafnaði til lengri tíma lítið.

Við þurfum á sama tíma og við erum með lægstu útsvarsálagningu að skoða hvernig hægt sé að nýta enn betur tekjur bæjarins. Heimsfaraldur Covid19 hefur haft áhrif á rekstur allra bæjarfélaga í landinu. Atvinnuleysi hefur aukist lítillega á Nesinu undanfarna mánuði. Það gæti haft áhrif bæði á skatttekjur og velferðarútgjöld. En ég lit þjartsýn fram á veginn.



Ásgerður á árshátíð Seltjarnarnesbæjar í byrjun árs 2020 ásamt Margréti Guðbrandsdóttur.

Viðspyrnan með tilkomu bóluéfnisins mun nú hefjast á næstu misserum.

### 2021 verður gott í lokin

- Heldur þú að árið 2021 verði gott ár?  
- Þetta verður erfitt ár, það vita allir, en gott í lokin spái ég. Á þessu tímum heimsfaraldurs og einangrunar er nauðsynlegt að sýna aðhald og ráðdeild. Aðalatriðið er að verja grunnþjónustuna og sniða sér stakk eftir vexti. Við hér á Nesinu þurfum

og getum varið þá góðu stöðu sem bæjarfélagið hefur byggt upp. Seltjarnarnesbær stendur vel til þess að takast á við tímabundið áfall í kjölfar faraldursins. Fjárhagsstaða bæjarins er mjög sterk. Kjörtímabilið er rúmlega hálfnað og ég mun sem bæjarstjóri halda áfram að þjónusta bæjarbúa ásamt starfsfólki bæjarins eins og framast er unnt. Væntingar fólks um að allt verði eins og áður eru eðlilegar, en það er engu að

síður þannig að við verðum að laga okkur að aðstæðum eins og þær eru. COVID19 er ekkert lamb að leika sér við. Nú er tími til þess að snúa bökum saman og takast á við það andstreymi sem við mætum næstu misseri þar til búið er að bólusetja þjóðina. Um leið þurfum við að halda áfram að vera til, gleðjast og hlakka til sumarsins. Við þurfum að hafa úthald til þess að þreya Þórrann og Góuna og verja okkar fjölskyldukúlu, lætur Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri vera sín lokaorð í þessu viðtali.



## Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi  
s. 551 1266 | utfor@utfor.is  
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM  
ALLAN SÓLARHRINGINN

# ÁLAGNING FASTEIGNAGJALDA 2021

Álagningarseðlar fasteignagjalda 2021 eru nú aðgengilegir á rafrænu formi á **Mínum síðum Seltjarnarnesbæjar og á island.is.**

**Gjald dagar fasteignagjaldanna eru tíu talsins, 15. hvers mánaðar frá janúar – október.**

**Vinsamlegast athugið** að álagningarseðlar eru einungis sendir út á pappírformi til þeirra sem fæddir eru 1939 og fyrr. Engir greiðsluseðlar verða sendir nema þess sé sérstaklega óskað.

Fasteignagjöldin birtast til innheimtu í heimabanka gjaldanda, en einnig er hægt að óska eftir því að fá gjöldin færð á kreditkort með því að hafa samband við þjónustuver í síma 59 59 100.

Við álagningu hefur elli- og örorkulífeyrisþegum verið veitt lækkun eða niðurfelling samkvæmt reglum um viðmiðunarfjárhæð tekna á árinu 2019. Skilyrði lækkunar eða niðurfellingar er að um sé að ræða íbúðarhúsnæði þar sem viðkomandi gjaldandi hefur lögheimili.

Gjaldskrá yfir fasteignagjöld og útsvar má nálgast á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið [innheimta@seltjarnarnes.is](mailto:innheimta@seltjarnarnes.is) eða í síma 59 59 100.



SELTJARNARNESBÆR

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

# Íþróttamaður og íþróttakona Gróttu árið 2020

Íþróttamaður og íþróttakona Gróttu fyrir árið 2020 voru valinn í byrjun janúar og voru knattspyrnufólkið Tinna Brá Magnúsdóttir og Hákon Rafn Valdimarsson kjörin. Vegna covid var ekki hægt að halda hóf og því var valin tilkynnt í myndbandi sem fór á samfélagsmiðla félagsins fimmtudaginn 15. janúar.

Tinna Brá er fædd árið 2004 og var því 16 ára síðasta sumar og enn gjaldgeng í 3. flokki. Þrátt fyrir ungan aldur lék Tinna alla leiki meistaraflokks í sumar, í fyrsta skipti sem félagið lék í næst efstu deild, og var besti leikmaður liðsins. Tinna sýndi miklar framfarir sem og stöðugleika í leik sínum. Liðið tryggði sæti sitt örugglega í deildinni eftir að hafa verið í toppbaráttu framan af sumri.

Þá lék Tinna einnig með 3. flokki þar sem liði fór alla leið í úrslitaleik um Íslandsmeistararitilinn. Árangur Tinnu var frábær í sumar, þannig að athygli vakti. Tinna var valin í lið u17 ára landsliðs Íslands og spilaði tvo landsleiki á árinu, þar af annan í byrjunarliði á móti Írlandi. Tinna er ein af okkar efnilegustu leikmönnum sem komið hafa upp í gegnum barna- og unglíngastarfi félagsins. Áræðni hennar, dugnaður og metnaður hafa skilað henni í fremstu röð íslenskra markvarða og verður spennandi sjá hvert hæfileikarnir leiða hana. Þá hefur Tinna verið mikil og góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur félagsins og meðal annars tekið að sér aðstoðarþjálfun hjá yngstu æfingahópnum.

## Hákon Rafn Valdimarsson knattspyrnumaður, íþróttamaður Gróttu

Hákon er aðeins 17 ára og því enn gjaldgengur í 2. flokki á síðasta tímabili. Hákon spilaði alla leiki meistaraflokks í sumar, sem markaði fyrsta tímabil félagsins í efstu deild. Hákon er eins og flestir vita markvörður og það eru ekki margir markmenn sem eru orðnir aðalmarkmenn sinna liða svo ungir að árum í efstu deildum íslenskrar knattspyrnu. Tímabilið var gríðarleg áskorun fyrir leikmenn liðsins og félagið í heild sinni en Hákon sýndi mikinn stöðugleika í leik sínum og var með bestu mönnum liðsins. Frammistaða Hákons vakti athygli víða og hefur hann unnið sér sæti í hópi u21 árs landsliði Íslands, þrátt fyrir að vera einungis 19 ára á árinu. Þá vakti fram- mistaða Hákons einnig athygli erlendra liða og hefur hann nú í vetur farið á reynslu til Svíþjóðar þar sem látið var vel af frammistöðu hans. Hákon sýndi mikinn stöðugleika í leik sínum í sumar



Handknattleiksmaðurinn Ari Pétur Eiríksson var útnefndur íþróttamaður æskunnar og fimleikakonan Freyja Hannesdóttir útnefnd íþróttakona æskunnar.

Mynd: Eyjólfur Garðarsson.



Fimleikabjálfi Anna Sóley Jensdóttir er þjálfari ársins hjá Gróttu.

Mynd: Eyjólfur Garðarsson.

og hefur þroskast mikið sem leikmaður á undanfönum árum. Félagið hlakkar til að fylgjast með Hákonni bæta sig sem leikmaður og vonast til að hann nái sem allra lengst. Þá er hugarfar Hákons til fyrirmyndar og eftirbreytni fyrir unga leikmenn liðsins. Hann sýndi

jákvætt viðhorf, æfði vel og er nú farinn að njóta ávaxta þess.

Auk þess voru fimleikakonan Freyja Hannesdóttir útnefnt íþróttakona æskunnar og handknattleiksmaðurinn Ari Pétur Eiríksson íþróttamaður æskunnar. Fimleikabjálfi Anna

Sóley Jensdóttir er þjálfari ársins hjá Gróttu. Sjálboðaliðar ársins hjá deildunum eru Jón Gunnar Þorsteinsson fimleikadeild, Bjarni Torfi Álfþórsson handknattleiksdeild og Árni Pétursson fyrir knattspyrnudeild.

# DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

## VORÖNN HEFST 1. FEB

JAZZ | COMMERCIAL | LYRICAL | CONTEMPORARY | MUSICAL THEATRE

VESTURBÆR | KÓPAVOGUR | GARÐABÆR  
HAFNARFJÖRÐUR | GRAFARHOLT

WWW.DANSSKOLIBB.IS  
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

Dansskóli Birnu Björns  
 dansskolibb

# Athyglisverð sýning stendur yfir



Athyglisverð listsýning stendur nú yfir í Gallerí Gróttu. Listakonurnar, Auður Vésteinsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir og Sigríður Ágústsdóttir sýna nú athyglisverð myndverk í Gallerí Gróttu. Sýninguna nefna þær Jarðsögur en þær eiga það sameiginlegt að nýta sér miðla handverks og nytjalistar við sköpun einstakra listaverka með aðferðum leirlistar og listvefnaðar.

Allar eiga þær að baki langan listferil og búa yfir áralangri reynslu og þekkingu á efniviðnum og möguleikum hans. Listakonurnar segja sögur með náttúrulegum efnivið eins og ull, hör, jarðleir og postulíni, sem hefur vísun í jörð, náttúru og landslag. Líkt og í náttúrunni geta óvæntir hlutir gerst í vinnuferlinu og útkoman er ekki alltaf fyrir séð. Fyrirbæri náttúrunnar samlagast efninu í myndvefnaði Auðar og leirverkum Elísabetar og Sigríðar þar til samband næst milli hugar og handar.

Sýningin stýrist af þeim takmörkunum sem Covid-19 setur okkur. Opið kl. 10 til 18:30 mánudaga til fimmtudaga, 10 til 17 föstudaga og 11 til 14 laugardaga. Ekki er boðið upp á veitingar. Sýningarstjóri er Aðalheiður Valgeirsdóttir.

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Starfsfólk félags og tómstundastarfsins óskar ykkur öllum gleðilegs árs 2021 og þakkar liðnar stundir. Reynt var að gera einhverja tilbreytingu í jólamánuðinum með skreytingum, bakstri og fl. en því miður fengu færri að njóta þess en vildu.

Leikarar Þjóðleikhússins buðu til skemmtunar um miðjan desember þar sem þeir voru með vel útbúinn sendibíl, sem þeir kölluðu adventubílinn. Leikhús á hjólum. Þar sem 10 manna fjöldatakmörkanir voru í gildi þurfti skemmtunin að vera utanhúss til þess að fleiri myndu notið. Boðið var upp á góða dagskrá, söng og leik. Einnig buðum við upp á hressingu, smákökur, kaffi og smá brjóstbirtu. Stundin var vel sótt bæði af eldri borgurum og öðrum gestum sem áttu leið hjá. Frábært framtak hjá Þjóðleikhúsinu. Líðandi ár hefur verið fólki miserfitt, en nú er það líðið og nýtt ár tekið við. Vonandi þurfum við ekki lengri tíma en þórrann og góuna til að sjá fram á að lífið komist í eðlilegar skorður þar sem þegar er farið að bólusetja elsta aldursþópinn og hyllir undir bólusetningu allra 70 ára og eldri. Miðað við það sem á undan er gengið ætti það ekki að vera stórmál. Þó félags og tómstundastarf hafi ekki verið öflugt síðustu mánuði þá hefur ýmislegt verið í gangi sem haldið hefur fólki í ákveðinni virkni og komið í veg fyrir algjöra einangrun. Námskeiðin í leir, gleri og bókbandi hafa verið í gangi með ákveðnum reglum, kaffirókurinn, samveran í sal og handavinna hefur eingöngu getað verið opin fyrir íbúa á Skólbraut en jóga hefur verið tvískipt alla mánudaga og fimmtudaga, þ.e. annars vegar fyrir fólk búsett á Skólbraut og hins vegar fólk utan úr bæ. Í öllum þessum dagskrárlíðum hefur verið góð þátttaka. Haft hefur verið samband símleiðis við þátttakendur félagsstarfsins sem ekki hafa mátt taka þátt og fylgst með þeirra liðan. Nú má geta þess að vatnsleikfimin er aftur komin á dagskrá.

Innskráning í heilsuefingu 65+ er hafin og þeir sem þegar hafa skráð sig eru farnir að fá tölvupósta og upplýsingar varðandi námskeiðið og ráð varðandi hreyfingu og mataræði. Við vitum þó að það eru einhverjir sem ekki geta tekið við tölvupósti og verður þá reynt að hafa samband við þá á annan hátt. Það er þó von okkar að þetta verkefni fari af stað sem allra fyrst þegar takmörkunum linnir. Hægt er að finna skráningarform á janusheilsuefing.is. Þeri sem ekki hafa tök á að skrá sig í gegnum tölvu geta hringt í Kristínu í síma 8939800 og fengið aðstoð við skráningu.

Töluverðar tilslakanir hafa verið gerðar varðandi samkomubann og gerir það okkur kleift að fara að byrja smátt og smátt á okkar dagskrá. Þegar þessar línur er ritaðar 21. janúar liggur ekki alveg ljóst hversu langt við megum ganga en að öllum líkindum verður það komið í ljós þegar þetta blað kemur út. Nú mega 20 manns koma saman í stað 10 áður en engar tilslakanir í öðrum sóttvörnum. Það sem á eftir að skírast betur er hvort við megum fara að blanda saman hópum innanhússfólki og utanfrá. Við þurfum enn að halda okkar striki varðandi almennar sóttvarnir, varnir á snertifötum, grímuskyldu og s.frv. þar til bólusetningu lýkur. Það bendir allt til þess að við getum fljótlega farið að starfa eðlilega og gefa út dagskrá. Vonum að árið 2021 verði okkur gjófult og gleðilegt. Höldum áfram að vera bjartsýn, daginn lengir smátt og smátt og það sem er líðið er líðið og verður minning og fer í reynslubankann hjá okkur öllum.

Félags og tómstundaaðstaða eldri borgara er með aðsetur á jarðhæð í íbúðakjarnanum á Skólbraut 3-5. Aðgangur að aðstöðu félags og tómstundastarfsins sem öllu jafna er opin og öllum hefur að mestu verið lokaður fólki utan úr bæ frá því að covid fór af stað. Þó höfum við sem betur fer getað haldið úti einstaka námskeiðum og tímum með ströngum sóttvarnskilyrðum eins og að ofan greinir.

*Sjáumst vonandi sem fyrst.*

### ATH! BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI!

Opið frá kl. **10:00-18:30** mánudaga – fimmtudaga  
**10:00-17:00** á föstudögum  
**11:00-14:00** á laugardögum (sept-maí)

Viðskiptavinir eru beðnir um að virða GRÍMUSKYLDU og viðhafa **2JA METRA REGLU**.

ATH! Ekki er boðið upp á kaffi og setustofur eru lokaðar meðan samkomutakmarkanir eru í gildi.

**HÆGT ER AÐ PANTA BÆKUR** og annað safnefni:

1. Þú getur pantað efni á: **Leitir.is**
2. Sent tölvupóst: **bokasafn@seltjarnarnes.is**

HÁMARK GESTA Í SAFNINU ER **20 MANNS**

STARFSFÓLK  
BÓKASFNS SELTJARNARNESS



# Arna

## is- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.  
Eiðistorgi 15  
facebook.com/arnaisogkaffi



# Er um byrjuð af krafti

- segir Birna Björns danskennari

Dansskóli Birnu Björns byrjaði nýja vorönn af krafti fyrsta janúar á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Boðið er upp á dansnám fyrir alla frá þrjúgjá ára aldri. Það er ótrúlega gaman að skoða hvað við náðum að afreka á síðasta ári þrátt fyrir heimsfaraldur. Við tókum þátt í frábærum verkefnum og náðum að gleðja nemendur okkar með árlegu sumarhátíðinni okkar síðasta sumar þar sem meðal annars við höldum söngkeppni fyrir nemendur og dönsuðum saman úti í sólinni.

Í febrúar dansaði hópur úr skólanum með Gunna og Felix í Laugardalshöllinni á Söngvakeppni Sjónvarpsins og við stefnum á að dansa með stóran hóp á sviði í september 2021, í Háskólabíó þegar þeir félagar verða með risastóra fjölskyldutónleika. Við höfum einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum með Rigg og í maí dönsuðum við með þeim í

eurovisionþættinum á RÚV. Nemendur hjá Dansskóla Birnu Björns taka einnig þátt í undankeppni Dance World Cup árlega og keppa síðan erlendis á sumrin þar sem þær hafa náð frábærum árangri og fengið að kynna dansheiminum í stærra samhengi sem er virkilega ánægjulegt fyrir okkur.

Við ætluðum að ferðast til Ítalíu síðasta sumar með fimm glæsileg atriði sem náðu góðum árangri í undankeppninni hérna heima, þeirri keppni var frestað og núna stefnum við til Spánar í sumar með frábæran keppnishóp.

## Nemendasýningin verður Mary Poppins

Í dansskólanum er boðið uppá fjölbreytt dansnám en einnig er starfandi við skólann söngleikjadeild þar sem nemendur læra leiklist, söng og dans. Söngleikjadeildin er alltaf að



stækka og hún spilar virkilega stóran þátt í nemendasýningu dansskólans ár hvert í Borgarleikhúsinu sem er hápunktur ársins. Nemendasýning 2021 verður Mary Poppins þar sem öllu verður til tjaldað. Einnig bjóðum við upp á barnadansa þar sem við erum með skapandi dans og tónlist í fyrirrúmi þar sem nemendur fá að leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín. Árlega fer stór hópur skólans í æfingarferð til

London þar sem þær fá að kynna nýjum dansstílum og hitta virta danshöfundu erlendis. Það er alltaf hápunkturinn að fara á söngleiki og kynna listalífinu í London. Á hvert heldur dansskólinn einnig sína eigin danskeppni þar sem nemendur fá að spreyta sig, læra að semja sjálfir, hann búninga og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín. Það sem stendur upp úr í dansskólanum er vináttan sem myndast í tímum og stelpurnar eru að ná gríðarlega miklum árangri þar sem við bjóðum einnig upp á tækni tíma og fjölbreyttar útfærslur á því hversu oft nemendur vilja æfa í viku. Við mælum með náminu okkar fyrir þá sem vilja fjölbreytta tíma, kynna nýju fólk og sjá varanlegan árangur. Við tókum vel á móti nýjum og gömlum nemendum.

Birna Björnsdóttir & Guðný Ósk Karlsdóttir

## Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun

• EIGNAumsjón 20 ára

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími 585 4800  
thjonusta@eignaumsjon.is  
eignaumsjon.is

## Grunnskóli Seltjarnarness

### Innritun fyrir skólaárið 2021-2022

Til foreldra 6 ára barna og nemenda sem flytjast til Seltjarnarness frá öðrum sveitarfélögum



Innritun barna sem fædd eru árið 2015 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2021 fer fram dagana 25.-29. janúar næstkomandi.

Sömu daga fer fram innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Seltjarnarness eða koma úr sjálfstætt starfandi skólum. Innritun í Grunnskóla Seltjarnarness fer fram í gegnum vefgátt bæjarins, *Mínar síður*, á slóðinni

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir starfsfólk Grunnskóla Seltjarnarness í síma 5959200. Fyrirspurnir er einnig hægt að senda á neffangið

[grunnskoli@grunnskoli.is](mailto:grunnskoli@grunnskoli.is)

Skólaskrifstofa Seltjarnarnessbæjar



# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



Meistaraflokkur kvenna.

## Meistaraflokkurinn fimm ára

Meistaraflokkur kvenna er fimm ára. Haustið 2015 útskrifuðust nokkrar Gróttustelpur fæddar árið 1996 úr öðrum flokki en þá var enginn meistaraflokkur til staðar í félaginu. Þær langaði hvergi að æfa nema í uppeldisfélaginu og óskuðu því eftir fundi með formanni og gjaldkera knattspyrnudeildarinnar, Hilmari S. Sigurðssyni og Magnúsi Gunnarsyni, til að bera undir þá þá tillögu um að stofna meistaraflokk kvenna. Þeim tókst að húa saman stelpum til að mynda lið og tillagan var samþykkt af stjórn deildarinnar.

Guðjón Kristinsson var ráðinn þjálfari liðsins og fyrsta formlega æfing flokksins var haldin 15. janúar 2016, fyrir fimm árum síðan. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan en gaman er að líta til baka og sjá hve miklum árangri liðið hefur náð á þessum stutta tíma. Aðeins fjórum mánuðum eftir fyrstu æfingu hóf Gróttu keppni í bikarkeppni og síðar Íslandsmótinu í B-deild 1. deildar. Að ári var stofnuð 2. deild þar sem Gróttukonur spiluðu þrjú sumur. Liðið komst upp um deild sumarið 2019 undir stjórn Magnúsar Arnar Helgasonar og Péturs Rögnvaldssonar. Þjálfaraskipti urðu haustið 2018 þegar Magnús tók við liðinu eftir að Gaui hafði stýrt því í þrjú tímabil.

### Áttu fyrirmyndir í eigin félagi

Liðið hefur breyst mikið síðustu ár og í dag samanstendur hópurinn af ungum og uppöldum Gróttustelpum í bland við stelpur úr öðrum félögum sem margr eiga nú fjölmarga leiki fyrir Gróttu. Liðið er í stöðugri uppbyggingu og spilar í Lengjudeild kvenna í sumar í annað sinn. Umgjörðin í kringum liðið og heimaleiki er virkilega góð og erum við stolt af baklandinu sem stelpurnar eru með og hafa haft frá stofnun liðsins. Það sem er þó einna mikilvægast er að nú geta ungar Gróttustelpur átt sér fyrirmyndir í sínu eigin félagi og drauma um að komast í meistaraflokk Gróttu.

## Vivaldi áfram styrktaraðili knattspyrnudeildarinnar

Vivaldi á Íslandi verður áfram styrktaraðili knattspyrnudeildarinnar. Vivaldi hefur gert nýjan þriggja ára styrktarsamning við knattspyrnudeild Gróttu.

Samkvæmt samningnum mun vörumerkið Vivaldi prýða keppnisbúninga meistaraflokka knattspyrnudeildar Gróttu næstu þrjú árin og völlumun mun áfram bera nafnið Vivaldivöllurinn. Að auki prýði vörumerkið keppnisbúninga yngri flokka félagsins. Samningurinn er lyftistöng fyrir starfið í félaginu og með honum hefur Jón von Tetzchner forsvarsmáður fyrirtækisins enn og aftur sýnt í verki mikilvægan stuðning við uppeldisfélagið sitt.



## Pétur Theódór Árnason framlengir hjá Gróttu

Pétur Theódór Árnason hefur framlegt samning sinn við knattspyrnudeild Gróttu til tveggja ára.

Pétur Theódór á að baki 119 leiki fyrir Gróttu þar sem hann hefur skorað 41 mark. Pétur spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir félagið árið 2011 en hann hefur verið lykilmáður í liðinu síðustu ár. Í byrjun árs 2020 var Pétur valinn bæði íþróttamaður Gróttu og íþróttamaður Gróttu ásamt því að hafa verið markahæsti leikmaður Gróttu sumarið 2019 þar sem hann skoraði 15 mörk í 22 leikjum í Inkasso-deild karla.

„Við erum himinlifandi með samkomulagið við Pétur, enda mikilvæg fyrirmynd í okkar starfi og frábær íþróttamaður. Við erum líka sannfærð um að hann haldi áfram að gleðja Seltirninga í framlínu Gróttuliðsins“, sagði Birgir Tjörvi Pétursson formaður knattspyrnudeildar Gróttu við undirritun samningsins.



## Emelía og Lilja Lív valdar í æfingahóp U16

Þær Emelía Óskarsdóttir og Lilja Lív Margrétardóttir voru valdar af Jörundi Áka Sveinssyni, landsliðsþjálfara U16 kvenna, til að æfa með U16 dagana 20.-22. janúar.

Gróttu er stolt af því að eiga fulltrúa í þessum hóp en þær Emelía og Lilja Lív eru gríðarlega efnilegar knattspyrnukonur. Emelía, sem er 14 ára, spilaði 12 leiki með Gróttu í sumar og skoraði í þeim eitt mark. Lilja Lív, 15 ára, lék 7 leiki með Gróttu í sumar. Til hamingju stelpur!



## Rakel Lóa valin í æfingahóp U17

Rakel Lóa Brynjarsdóttir hefur verið valin í hóp U17 ára landsliðs kvenna fyrir úrtakæfingar 25.-27. janúar.

Hin 16 ára Rakel á að baki 27 leiki með meistaraflokki Gróttu og hefur skorað í þeim tvö mörk. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Rakel til hamingju með valið og góðs gengis á æfingunum.



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

# 170



# SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Tinna Brá Magnúsdóttir en hún var dögnum valin íþróttakona Gróttu fyrir árið 2020.

Tinna er markvörður og lék alla leiki meistaraflokks Gróttu sl. sumar þrátt fyrir ungan aldur og var besti leikmaður liðsins. Hún hefur einnig leikið fyrir U17 ára landslið Íslands.

**Fullt nafn?** Tinna Brá Magnúsdóttir.

**Fæðingard. og ár?** 28. júní 2004.

**Starf?** Nemandi í MR.

**Farartæki?** Hjól og strætó.

**Helstu kostir?** Hógvær, jákvæð og metnaðarfull.

**Eftirlætis matur?** Vegan lasagna.

**Eftirlætis tónlist?** Hlusta mikið á rap, r&b og indie tónlist.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Marc André Ter Stegen.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Orange is the new black er í upphaldi núna.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Strákurinn í röndóttu náttfötunum.

**Uppáhalds leikari?**

Bridgette Lundy-Paine.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

Engin sérstök.

**Hvað gerir þú í fristundum þinum?**

Spila fótbolta og hitti vini.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Þórsmörk.



**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Heiðarleiki og jákvæðni.

**Hvern vildir þú helst hitta?**

Angela Davis.

**Uppáhalds vefsíða?** Fotbolti.net

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?**

Markmannshanska.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir**

**10 milljónir í happdrætti?** Setja bara inn á reikning.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir**

**bæjarstjóri í einn dag?** Hækka laun kennara og reisa innahús fótboltavöll.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Ekkert ákveðið, sjáum bara hvernig fer.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Ég

spilaði með Gróttu í Lengjudeildinni og var með vinum.

## HEIMAKÆRLEIKUR



**Þitt eigið jóga?**  
**Allt til alls. Heima og að heiman.**  
**Dýnur, púðar, augnhvílur, strappar, kubbar.**  
**Korkur og lífræn bómull.**



**Slakaðu og njóttu á Boðefnabar Systrasamlagsins!**  
**Flest lífrænt. Margt glútenlaust. Ekkert bragðlaust.**



**Framúrskarandi gæði og töfrar!**  
**Dekraðu við þig með Wild Grace lífrænum andlits- og líkamsólíum,**  
**kristalsvatni, andlitsserum og ilmum. Töfrar ayurvedafræðanna.**

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242



Sverrir Einarsson

Komum heim til aðstandenda og  
ræðum skipulag útfarar ef óskað er



SÍÐAN 1996

www.utfarin.is

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Þri-fös: 11-18

Lau: 11-16

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK

systrasamlagid.is

@systrasamlagid

Sími: 511 6367

# Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR  
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



---

**zonnic®** TAKTU STJÓRNINA!

---

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sigarettar væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Niconovum AB. NIC201204 – Desember 2020.